



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 16. ágúst 2024
Málsnúmer DMR23120510

Með bréfi dagsettu 21. desember 2022 sendi embætti umboðsmanns Alþingis skýrslu vegna heimsóknar á grundvelli OPCAT-eftirlits í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og á Siglufirði 23. og 25. maí 2022.

Í 6. kafla skýrslunnar er fjallað um vistun handtekinna barna. Í þeim kafla er ábendingu og tilmælum beint til dómsmálaráðuneytisins. Í fyrsta lagi er þeirri ábendingu beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum með atbeina dómsmálaráðherra, að taka til skoðunar og meta hvort aðbúnaður á lögreglustöðinni sé viðunandi með tilliti til vistunar barna og ungmenna og þeirra sérsjónarmiða sem þar eiga við.

Þá er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að útbúið verði, eftir atvikum með atbeina ríkislöggreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins, sérstakt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslu, á skýru og einföldu máli sem hæfir aldri þeirra og þroska, og þeim eftir atvikum veittar samhliða skýringar munnlega.

Í svari lögreglustjórans á Norðurlandi eystra til umboðsmanns Alþingis vegna skýrslunnar kemur fram að verklagsreglum um fangavörslu hafi verið breytt. Er nú kveðið á um að þegar um er að ræða handtein børn sé reynt að nota stærri klefana til þess að vista þau og að þeim sé boðið upp á rúmfót ef ekki er talin hætta á því að þau skaði sig með þeim. Upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslu er í vinnslu hjá dómsmálaráðuneytinu í samstarfi við ríkislöggreglustjóra, umboðsmann barna og Barna- og fjölskyldustofu og einnig verður haft samráð við ríkisaksóknara til að tryggja heildstæða og fullnægjandi nálgun. Í ferlinu verður innihald upplýsingablaðsins einnig borið undir börn á aldrinum 15-18 ára og þeim gefinn kostur á að koma að ábendingum og athugasemdum.

Í 7. kafla skýrslunnar er fjallað um gæsluvarðhaldsvistun og þar er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðuneytisins að skýra ábyrgð á vistun gæsluvarðhaldsfanga og skráningu þar að lútandi, þegar einstaklingurinn er enn í haldi löggreglu og bíður flutnings í fangelsi.

Jafnframt er þeim tilmælum beint til Fangelsismálastofnunar og lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum með aðkomu dómsmálaráðherra, að skýra ábyrgð og verklag við vistun og flutning gæsluvarðhaldsfanga.

Þá var því komið á framfæri við lögreglustjórn á Norðurlandi eystra, Fangelsismálastofnun, ríkislöggreglustjóra og dómsmálaráðherra að aðstaða í fangageymslu lögreglunnar á Akureyri uppfylli ekki þær kröfur um aðbúnað sem gerðar eru til vistunar gæsluvarðhaldsfanga.

Dómsmálaráðuneytið mun taka þetta fyrir og skoða hvernig skráningu og flutningi gæsluvarðhaldsfanga sé best fyrir komið og hver beri ábyrgð eftir að úrskurður um gæsluvarðhald liggur fyrir.

Í 8. kafla er fjallað um starfsfólk og er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, að tryggja viðundandi þjálfum, fræðslu og sí- og endurmenntun afleysingamanna í lögreglu svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skyndihjálp, ekki síst í ljósi þeirra skyldna sem löggregla hefur við vistun handtekinna.

Í svari lögreglustjórans á Norðurlandi eystra kom fram að embættið teldi sig fullnægja skilyrðum um þjálfun og fræðslu afleysingamanna í starfi hjá embættinu. Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar þar sem þær upplýsingar fengust að þær hafi verið rekinn kennsluvefur fyrir lögreglu frá árinu 2020 þar sem fram komi hæfniviðmið, námsefni, tillögur að dagskrá námsleiða og leiðarvísir fyrir embættin til að vinna eftir. Ráðuneytið mun óska eftir því við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu að kynna kennsluvefinn á ný fyrir löggregluembættum landsins.

Þá er þeim tilmælum beint til ráðherra dómsmála, félagsmála og menntamála, í samvinnu við Fangelsismálastofnun, að fylgja eftir aðgerðum sem heyra undir ráðuneyti þeirra og fram koma í svörum ríkisins við skýrslu CPT-nefndarinnar sem og í tillögum stýrihóps um málefni fanga, þar á meðal um menntun þeirra, undirbúning fyrir vinnumarkaðinn að afplánun lokinni og heildstæða meðferðarstefnu.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir þessar ábendingar umboðsmanns. Í ráðuneytinu er nú unnið að margs konar umbótum hvað varðar fullnustumál almennt, meðal annars með breytingum á húsnæði fangelsanna og auknum fjárveitingum. Þá er hafin vinna við heildstæða stefnumótun í málaflokknunum og í kjölfarið verður unnið að heildarendurskoðun á lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Í þeirri vinnu verður farið ítarlega yfir þær tillögur sem og athugasemdir sem ráðuneytinu hafa borist, þar á meðal athugasemdir frá umboðsmanni Alþingis og öðrum eftirlitsaðilum, frá stýrihópnum um málefni fanga og fleirum.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara erindi umboðsmanns.

Fyrir hönd ráðherra



Brynjólfur Hjartarson



Guðmundur Örvar Bergþórsson